

10. fundur haldinn í Laugargerðisskóla 5.nóv. 2013

Mættir eru:

Guðbjartur Gunnarsson, Hrefna Birkisdóttir, Halldór Jónsson, Þróstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson í fjarveru Sigurðar Hreinssonar.

Gestir:

Valgarð Halldórsson, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri og nemendurnir Selma Gestsdóttir og Vildís Jónsdóttir.

1.mál

Kynning á helstu nýjungum í skólstarfinu. Nemendurnir Selma Gestsdóttir og Vildís Jónsdóttir voru með kynningu á því hvernig „I padinn“ nýtist við skólstarfið.

Kristín kynnti „vinaliða“ verkefni til að auka virkni nemenda í frímínútum.

2. mál

Fjármál og viðhald við Laugargerðisskóla

Engir stórir viðhaldspóstar liggja fyrir.

Valgarð fór yfir fjármálin er varðar fræðslumálin. Reksturinn hefur gengið vel á skólanum.

3.mál

Fjárhagsáætlun fyrir hreppinn 2014 og 2015-2017

Valgarð fór yfir fjárhagsliðina og miðað við útgönguspá fyrir árið lítur reksturinn all bærilega út.

Áætlunin fyrir árið 2014 var uppfærð út frá gögnum ársins 2013.

Fjárhagsáætlunin samþykkt til annarrar umræðu.

4.mál

Tölvupóstur frá Önnu Sesselju Sigurðardóttur (um tónlistarnám, frestað á síðasta fundi).

Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar er ekki forsenda til að styrkja beiðnina um tónlistarnám.

(Halldór Jónsson vék af fundi)

5. mál

Bréf Ragnars Aðalsteinssonar f.h. Miðhrauns 2 vegna hitaveitumálamála lagt fram.

Oddvita falið að svara bréfinu. Svanur situr hjá við afgreiðslu þeirrar tillögu.

Svanur telur að sá samningur sem sveitarfélagið gerði við Miðhraun ehf. sé algerlega óásættanlegur fyrir hönd sveitarfélagsins.

6.mál

Fundargerð Skipulags- og bygginganefndar lögð fram til samþykktar og var hún samþykkt.

7. mál

Netsamband. Ljósleiðari.

Lagt fram bréf sem (atvinnuráðgjöf) SSV sendi sveitarstjórn þar sem greint var frá greiningu á ástandi netsambands á sunnanverðu Snæfellsnesi, sem og hver þeirra sýn er á framgangi málsins. SSV gerir það að tillögu sinni að lagður verði ljósleiðari á svæðið. Unnið er að því að fjármagna niðurlögn á ljósleiðara sem og unnið að útboði.

8. mál

Rotþrær og ýmsar styrkbeiðir.

Oddvita var falið að ganga frá þeim rotþróarmálum sem út af standa.

Styrkbeiðnir. Lagt til að að ákveðin upphæð verði sett á fjárhagsáætlun um þær.

(Hrefna Birkisdóttir vék af fundi.)

9. mál

Vegamót. Umsögn um starfsleyfi fyrir Rjúkanda.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um srarfsleyfið.

10. önnur mál

Sameining sveitarfélaga. Málin rædd á þeim grunni að ýta af stað umræðum um að sveitarfélögin á Snæfellsnesi ræði sameiningu.

Svanur ekki samþykkur þeirri framvindu.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin.